

F  
A  
N  
T  
A  
S  
Í  
A

06  
07  
08  
OKT

BÍTÓNLEIKAR



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

D  
I  
S  
N  
E  
Y  
S



---

# VELKOMIN

**Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikunum stendur.**

**Áætluð tímalengd:**

Tónleikarnir eru u.þ.b. tveggja klukkustunda langir með 20 mínútna hléi.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Tónleikarnir eru sérvíðburður í dagskrá Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík, RIFF.

**Aðalstyrktaraðili:**

**GAMMA**

FIN **06** OKT 19:30

FÖ: **07** OKT 19:30

LAV **08** OKT 17:00

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# FANTASÍA DISNEYS

---

## Walt Disney

Fantasia (1940 og 2000)

---

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

---

## Ted Sperling

hljómsveitarstjóri

---

---

## EFNISSKRÁ

Ludwig van Beethoven

**Sinfónía nr. 5- 1. þáttur**

**Sinfónía nr. 6- 3., 4. og 5. þáttur**

Pjotr Tsjajkovskij

**Hnotubrjóturinn, svíta**

Ígor Stravinskij

**Eldfuglinn, svíta** (1919)

## HLÉ

Amilcare Ponchielli

**Stundadansinn** (úr óperunni La Gioconda)

Paul Dukas

**Lærisveinn galdrameistarans**

Edward Elgar

**Pomp og prakt** (Pomp and Circumstance) úts. Peter Schickele

Ottorino Respighi

**Furur Rómaborgar 1., 3. og 4. þáttur**

---



---

## TED SPERLING

### HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**H**ljómsveitarstjóri *Fantásu Disney* er bandaríski Broadway-jöfurinn Ted Sperling sem hefur starfað í heimi söngleikjanna með afburðaárangri í yfir þrjátíu ár. Sperling er einkar fjölbæfur og samhlíða því að munda tónsprotann er hann leikstjóri, útsetjari, píanó-, fíðlu- og víóluleikari. Hann er listrænn stjórnandi MasterVoices og aðalhljómsveitarstjóri Westchester-filharmóníusveitarinnar. Sperling hlaut Tony and Drama Desk-verðlaunin fyrir útsetningu sína á *The Light in the Piazza* og Ted Shen Family Foundation-verðlaunin fyrir framlag sitt til söngleikjatónlistar. Meðal söngleikja sem hann hefur stjórnað má nefna: *Fíðlarann á þakinu*, *Konunginn og mig*, *Gæja og piur*, *Með fullri reisu* og *Vesalingana*. Sperling hefur látið til sín taka í kvikmyndageiranum og stjórnaði tónlistinni í myndunum *The Manchurian Candidate* og *Everything Is Illuminated* ásamt því að leikstýra stuttmyndinni *Love Mom* sem sýnd hefur verið á fimm alþjóðlegum kvikmyndahátíðum. Ted Sperling þreytir nú frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

---

## WALT DISNEY

### FANTASÍA (1940) OG FANTASÍA 2000 (1999)

**Í** dag, á tímum háskerpu og víðóms, er erfitt að gera sér í hugarlund hve byltingarkennd *Fantasia* var þegar hún var frumsýnd árið 1940. Enginn bíógæstur sem kom til að berja nýjstu teiknimynd Disney's augum átti von á viðlíka lita- og tónaflóði og því sem streymdi af hvíta tjaldiru. Í samvinnu við yfir 1000 listamenn kom Walt Disney (1901-1966) ásamt hljómsveitarstjóranum, Leopold Stokowski (1882-1977), fram með tímamótaverk sem olli straumhvörfum í kvikmyndasögunni. Hugmynd Disney's um að myndin væri í stöðugri framþróun þar sem nýjar senur leystu þær eldri af hólmi varð að engu vegna mikils kostnaðar kvikmyndahúsanna við uppsetningu svokallaðs Fantasound-hljóðkerfis auk þess sem síðari heimsstyrjöldin setti strik í reikninginn. Það var því ekki fyrir en í *Fantasiu 2000* sem samneyti klassískrar tónlistar og teiknimynda náði aftur sömu hæðum hjá Disney.

---

# UM TÓNLISTINA Í FANTASÍU

---



## LUDWIG VAN BEETHOVEN

### SINFÓNÍA NR. 5— 1. ÞÁTTUR

Ákveðið var að hefja *Fantasíu 2000* með látum og þótti Á fyrsti þáttur fimmtu sinfóníu Beethovens vera tilvalinn til að ná eyrum hlustenda. Upphafsstefið (stutt - stutt- stutt- langt) er auðlært og á bernskuárum *Fantasíu* vísaði fjögurra tóna hending með sama hryn í bókstafinn V í morsmerkjakerfinu. V stóð fyrir Victory! eða sigur.



## LUDWIG VAN BEETHOVEN

### SINFÓNÍA NR. 6— 3, 4. OG 5. ÞÁTTUR

Sjötta sinfónían, *Sveitasinfónían*, er myndrænasta sinfónía Beethovens og þótti hæfa hjarðsenunni í *Fantasíu* best þar sem gríska goðafræðin er útfærð í art deco-stíl. *Sveitasinfónían* er full af saklausri glöðværð, náttúruhljóðum, lækjarnið og fuglasöng. Einnig skellur á fárviðri með þrumum en um síðir styttr upp.



## ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

### HNOTUBRJÓTURINN, SVÍTA

Eitt það merkilegasta við svítuna úr *Hnotubrjótnum* í *Fantasíu* er hversu áhrifarík hún er. Blóm og fuglar í manngervi verða á svipstundu að minnisstæðum persónum. Þessar smáu og oft andlitslausu verur lifa með áhorfandanum löngu eftir að atriðið hefur liðið hjá.



---

## ÍGOR STRAVINSKÍJ

### ELDFUGLINN, SVÍTA (1919 ÚTG.)

Til greina kom að hafa ballettinn *Eldfuglinn* eftir Stravinskíj í upprunagerð *Fantasiu* en Stravinskíj var eina þálfandi tónskáldið sem átti þess kost að heyra tónlist sína í myndinni. *Eldfuglinn* vék þó fyrir öðrum balletti meistarans, *Vorblóti*. Í *Fantasiu 2000* er *Eldfuglinn* færður í nýjan ham sem skapbráður andi eyðileggingar sem leitast við að tortíma skóglendi dísarinnar Vors og elgsins hennar.



---

## AMILCARE PONCHIELLI

### STUNDADANSINN

Í *Stundadansinum* kemur fyrir sigild skopstæling á klassískum dansi. Þetta er einskona sýning á tímum dagsins, þar sem hinu fínlega og grófa er fléttað saman á óborganlegan hátt. Ballett strútsins er um morgun, flóðhesturinn dansar um eftirmiðdaginn, filaballettinn er um kvöldið en krókódíllinn á nóttina þar sem hann dansar *pas de deux* við flóðhestinn.



---

## PAUL DUKAS

### LÆRISVEINN GALDRAMEISTARANS

Innan við áratug eftir að Mikki mús sást fyrst á hvíta tjaldinu fannst skapara hans, Walt Disney, vinsældir músarinnar vera í rénun. Hann ákvað að láta Mikka koma fram í endursögn af ljóði Goethes, Lærisveini galdrameistarans. Ekkert var til sparað og var frískað upp á útlit Mikka sem birtist í fyrsta sinn með augasteina. Eftir gerð *Lærisveinsins* fékk Disney þá hugmynd að framleiða stærri mynd með alls kyns tónlist og úr varð *Fantasia*.



## EDWARD ELGAR

### POMP OG PRAKT (POMP AND CIRCUMSTANCE)

Fyrst Mikki mús fékk að baða sig í sviðsljósinu í *Galdrameistararnum* þá var við hæfi að Andrés önd fengi að láta sól sína skína líka. Með endursögn á sögunni um Örkina hans Nóa með Andrés í hlutverki ættföðurins skapast mýmörg tækifæri til að sýna ergelsi og pirring á hnyttinn hátt sem eru hinn sanni skaðvaldur í tilveru andarinnar.



## OTTORINO RESPIGHI

### FURUR RÓMABORGAR

*Furur Rómaborgar* var einn fyrsti þátturinn af *Fantasíu* 2000 sem var fullbúinn til framleiðslu. Rétt eins og frumkvöðlarnir sem unnu að upprunagerð *Fantasíu* þá voru listamennirnir sem unnu að *Furum Rómaborgar* ákafir að tileinka sér nýjustu tækni í tölvugerðum hreyfimyndum. Þetta var fyrir daga Leikfangasögu! Listamennirnir sameinuðu einkenni teiknaðra og tölvugerðra karaktera og umhverfis til að skapa á raunverulegan hátt hið ómögulega – vöðu af fljúgandi hnúfubökum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2016



2017

**REGNBOGAKORT  
GOTT SÆTI  
MEÐ GÓÐUM  
AFSLÆTTI  
SINFONIA.IS**

Með Regnbogakorti getur þú valið ferna eða fleiri tónleika af öllum tónleikum starfsársins og tryggt þér gott sæti og 20–50% afslátt.  
Komdu við í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) og gakktu frá kaupunum.

Miðasala í Hörpu / [sinfonia.is](http://sinfonia.is) / [harpa.is](http://harpa.is) / 528 50 50

Aðalstyrkaraðili:

**GAMMA**



## Á DÖFINNI FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

LAU 17 DES SUN 18 DES



### JÓLATÓNLEIKAR

Á jólatónleikum Sinfóníunnar er hátíðleikinn í fyrirrúmi og þar eiga sígildar jólaperlur fastan sess. Nýr forleikur með jólalögum frá Norðurlöndunum og Sleðafærð Andersons gefa upptaktinn að tónleikunum ásamt gullfallegri túlkun nemenda Listdanskólans á *Blómavalsi* Tsjajkovskíjs. Trúðurinn Barbara kynnir tónleikana af sinni alkunnu snilld en tónleikarnir eru einnig túlkaðir á táknmáli. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson.

LAU 18 FEB 14:00



### SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN

Skrímslið litla systir mín, saga Helgu Arnalds, heyrir nú í fyrsta sinn í sífónískum búningi með tónlist Eivavar Pálsdóttur. Á þessum sannkölluðu ævintýratónleikum má heyra söguna af Bjarti sem eignast litla „skrímsla“-systur sem étur mömmu og pabba. Hann ferðast alla leið út á heimsenda til að reyna að skila systur sinni og fá mömmu og pabba til baka. Á tónleikunum má einnig heyra *Gullbrá og birnina þrjá* í flutningi Sinfóníuhljómsveitinnar. Sögumaður er Halldóra Geirharðsdóttir og hljómsveitarstjóri Bernharður Wilkinson.

LAU 27 MAI 14:00



### MÚMÍNÁLFAR Í SÖNGVAFERÐ

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur fyrst hljómsveita utan Finnlands, *Múmínálfa í söngvaferð* í þýðingu Þórarins Eldjárns. Með hljómsveitinni á tónleikum koma fram stórsöngvararnir Egill Ólafsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur. Litríkt og fallett myndefni fylgir tónleikunum og þannig er hægt að fylgjast með sögunni bæði í myndum og tónum. Erkki Lasonpalo stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum, en hann stjórnaði einnig frumflutningi verkefnisins í Finnlandi.

## Á DÖFINNI

FIM 13 OKT 19:30



### HETJUHLJÓMKVIÐAN

Hetjuhljómkviða Beethovens er eitt af tímamótaverkum tónlistarsögunnar sem sprengdi öll viðmið um það hvað símfónía átti að vera. Magnus Lindberg er eitt frægasta tónskáld Norðurlanda um þessar mundir. Fiðlukonsert hans frá árinu 2006 er glæsilegt verk þar sem gamall og nýr tími mætast. Á tónleikunum má einnig heyrja verk Þuríðar Jónsdóttur *Flow and Fusion*. Einleikari er breski fiðluleikarinn Jack Liebeck og stjórnandi Daniel Bjarnason, staðarlistamaður SÍ.

FIM 27 OKT 19:30



### MOZART OG GRIEG

Michael Kaulartz 1. fagottleikari SÍ hefur vakið mikla aðdáun tónleikagesta fyrir safaríkan tón og tjáningarríka túlkun. Nú verður hann í hlutverki einleikarans, í ljúfum og innblásnum konserti sem Mozart samdi aðeins 18 ára gamall. Að öðru leyti er leikhústónlist allsráðandi á þessari efnisskrá sem Pascal Tortelier, nýráðinn aðalstjórnandi SÍ, setti saman m.a. forleikurinn að *Brottnáminu úr kvennabúrinu* og tónlist Griegs við *Pétur Gaut*.

FIM 03 NOV 20:00



### BEDROOM COMMUNITY Á AIRWAVES

Árið 2006 stofnaði Valgeir Sigurðsson útgáfuforlagið Bedroom Community í samvinnu við bandaríska tónskáldið Nico Muhly og hinn ástralska Ben Frost, og skömmu síðar bættist Daniel Bjarnason í hópinn. Undir merkjum útgáfunnar hafa komið út tugir geisladíska með áhugaverðri tónlist sem spannar hinar ýmsu greinar listarinnar. Á þessum tónleikum heyrast hljómsveitarverk þeirra Bedroom Community-meðlima í bland við flutning annarra tónlistarmanna sem útgáfan hefur á sínum snærum, og sem koma oft fram saman undir merkinu „Whale Watching Tour“.

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

## 6.-8. OKTÓBER FANTASÍA DISNEYS

### 1. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Andrzej Kleina  
Margrét Kristjánsdóttir  
Mark Reedman  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Kristján Matthíasson  
Þórdís Stross  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

### VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Ásdís Runólfsdóttir  
Vigdís Másdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Sesselja Halldórsdóttir

### SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Ólöf Sigurveinsdóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Júlía Mogensen

### BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Hafdís Vigfúsdóttir  
Martial Nardeau

### ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins  
Óssur Ingi Jónsson

### KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson  
Helga Björg Arnardóttir

### FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Bryndís Þórsdóttir  
Christian Rønnes

### HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

### TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassbásúna

### TÚBA

Nimrod Ron

### HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

### PIÁNÓ/ CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### CELESTA

Valgerður Auður Andrésdóttir

### PÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steeff van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason  
Einar Valur Scheving

### Sunggho Jeong kvikmyndastjórn

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Osma Vänskä *aðalgestastjórnandi*  
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Árni Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*  
Sigbór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# ARI. ELDJÄRN

SINFÓ OG  
UPPISTAND!

**9. & 10. FEBRÚAR**  
**TRYGGÐU**  
**ÞÉR SÆTI**  
**SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA